

Góðir samborgarar!

Áður en lengra er haldið vil ég leyfa mér að leggja nýju bókina um sr. Bjarna Þorsteinsson hér á minnisvarðann við hlið blómsveigsins. Fyrir ári, þegar við vorum hér síðast saman komin var verið að skrifa þessu þörfu bók. Útgáfu hennar má þakka frumkvæði Þjóðlagasetursins og ástæða að nefna nöfn þriggja manna og þakka þeim sérstaklega: Gunnsteinn Ólafsson, Jónas Ragnarsson og ekki síst Arnold Bjarnason.

Við erum hér saman komin á þjóðhátíðardegi Íslendinga við minnisvarða þeirra sæmdarhjóna Bjarna Þorsteinssonar og Sigríðar Blöndal – og við minnumst sjálfstæðisbaráttunnar og sr. Bjarna. Það þarf ekki að fjölyrða um það hve sr. Bjarni er mikilvægur í sögu Siglufjarðar eða sögu íslenskrar tónlistar. Hann var maður sem hafði gagnger áhrif í lífi sínu og ekki er hægt að hugsa sér framvindu sögunnar án nærveru eða þátttöku hans.

Prestur okkar í nær hálfa öld, hinn mikli safnari og bjargvættur íslenskra þjóðlaga, vinsælt tónskáld, forystumaður í bæjarpólitíkinni, skipuleggjandi bæjarfyrirkomulagsins og helsti hvatamaður að flestum framfaramálum hins ört vaxandi samfélags. Þá var hann áhugaljósmyndari og latínuskáld. Og að síðustu vil ég nefna hve mikilvægur hann var við að afla Siglufirði sjálfstæðis og kaupstaðaréttinda árið 1918.

Það er hollt að rifja það upp á þessari stundu að við hin miklu hátíðarhöld okkar 20. maí 1918 þegar kaupstaðarréttindin voru staðfest með undirskrift konungs vors, Kristjáns 10. þá virðist sem séra Bjarni hafi verið lykilmaður í öllum undirbúningi og skipulagi og flutti náttúrlega hátíðarræðuna.

Þetta mun vera fyrsta hátíð sem sögur fara af hér á Siglufirði. Og líta má svo á að þjóðhátíðir sem þróuðust hér í tímans rás eigi uppruna í þessari hátíð og þeirri reynslu sem af henni fékkst.

Ekki höfum við heimildir það hvort haldin var hátíð hér heima 1930 þegar 1000 ára afmælis Alþingis var minnst á Þingvöllum – en víst er að Karlakórinn Vísir fór héðan og söng þar syðra og hélt ásamt öðrum uppi merki okkar Norðlendinga.

Mikil og vegleg hátíð var haldin hér á Siglufirði 17. júní 1944 við lýðveldistökuna – þegar við öðluðumst fullt frelsi frá Dönum. Og allar götur síðan hefur þessum þjóðhátíðum verið viðhaldið - sumar svo eftirminnilegar eins og á sjötta áratugnum þegar hátíðarsviðið var við enda Aðalgötunnar og íbúar hins fjölmenna bæjar fylltu nærliggjandi götur og torg í upphafinni gleði yfir nýfengnu frelsi og trú á framtíðina – þar á sviðinu stóð Þormóður rammi landnámsmaður í stafni á skipi sínu í málverki Ragnars Páls listmálara og söngvar sr. Bjarna voru sungnir, lúðrasveitin okkar spilaði og dans stigin á götunni á mildu vorkvöldinu. Og þannig gekk þetta fyrir sig áratugum saman. En síðan var eins og okkur dapraðist hátíðarflugið og frelsisfögnuðurinn færi dvínandi – og hátíðarskilríði glæsilega af landnámsmanninum fannst ekki lengur hvernig sem leitað var - og það virtist stundum skipta meira máli á þessum degi að fylgjast heima í stofu með spennandi fótboltaleikjum á erlendum vettvangi.

Allt hefur sinn tíma og allt er breytingum undirorpið. Og við mörgu er lítið að segja. Nú hefur það hins vegar gerst eftir að við Siglufirðingar kusum að afsala okkur að nokkru sjálfstæði bæjarfélagsins og ganga til samstarfs við góða

nágranna okkar, Ólafsfirðinga, að boð koma „að ofan“ um að framvegis verði 17. júní ekki haldinn hátíðlegur nema að litlu leyti á Siglufirði – heldur fari meginhátíðarhöldin fram í Ólafsfirði. – Og marga rekur í rogastans!

Hvað töldum við okkur kjósa með sameiningunni annað en jöfnuð, samvinnu og sanngirni? Og talað var sem í heiðursmannasamkomu-lagi um að við skiptum með okkur að hætti jafningja því sem skipta mætti. Jafn hlutur – annað hvert ár - gagnkvæm virðing - og svo framvegis.

Mér liggur við að segja að mörgum sé stórlega misboðið. Eða hvað skyldu menn hér í bæ eða í bróðurbæ okkar hafa sagt ef sameiningin við Stór-Eyjafjarðarsvæðið hefði náð fram að ganga hér um árið og við hefðum síðan fengið boð um það að við yrðum að sækja 17. júní hátíðarnar á Ráðhústorg á Akureyri, Sjómannadagur samfélagsins yrði framvegis við Slippstöðina þar í bæ, 1. maí flyttist inneftir, Stúdentafélag Siglufjarðar þyrfti ekki framar að hafa neinar áhyggjur af Fullveldisdeginum 1. des eða Þorablótin færu fram í Hofi – þessar samlíkingar eru náttúrliga komið út í öfgar hjá mér - en það sem ég meina er það að hvert samfélag á sér venjur og hefðir sem ber að viðhalda og rækta. Og sjálfsvitund okkar og sjálfsvirðingu ræktum við með hóflegri íhaldsemi í bland við metnað og vandvirkni.

Í ræðu sinni 20. maí 1918 varð sr. Bjarna tíðrætt um samfélagslega einingu og samvinnu og að við ættum að finna til okkar og láta á okkur bera - fyrir sjálfsvirðinguna og virðingu annarra á okkur. Samstarf við samborgara okkar á einmitt að byggjast á þessu öllu; virðingu fyrir hvert öðru og rótgrónum hefðum.

Hér á þessum stað og á þessari stundu, þegar við heiðrum minningu okkar duglegasta og metnaðarfullsta manns, vil ég segja þetta: Hlustum ekki á svona tilskipanir „að ofan“ - af fundi fámennrar nefndar eða stjórnar, um að ekki eigi framar að halda þjóðhátíð á Siglufirði. Tökum frekar málin í okkar hendur annað hvert ár og gerum það sem gera þarf - helst í samráði við bæjaryfirvöld.

Og áður en én ég fer heim að horfa á EM: Takk fyrir og gleðilega þjóðhátíð!